



Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

18. maí 2020, kl. 20:00

Fundargerð

Árni Einarsson formaður, ávarpaði fundargesti og sagði örfá orð og kom því næst með tillögu um fundarstjóra (Jóhannes Tómasson) og fundaritara (Anna Borg Harðardóttir). Tillögurnar voru samþykktar.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og þakkaði traustið og benti á að til fundarins hafi verið löglega boðað og hann skoðist því lögmætur.

Gengið til dagskrár:

1. Skýrsla félagsstjórnar.

Fundarstjóri gaf formanni, Árna Einarssyni, orðið. Formaður flutti skýrslu félagsstjórnar. Árni minntist meðal annars á að heildarsala happadrættanna væri betri 2019 en á árinu á undan, talaði um sjóði KÍ, styrki frá ráðuneyti og lýðheilsusjóði og fleira, sjá skýrslu stjórnar.

Spurt var um athugasemdir félagsmanna við skýrsluna. Engar athugasemdir voru gerðar við sjálfa skýrsluna. Einn fundarmanna hvatti sér hljóðs og hvatti stjórn félagsins til að beita sér fyrir fræðslu á krabbameini í ristli og að byrja skima reglubundi frá 50 ára. Þessi tillaga var samþykkt einróma.

2. Endurskoðaður ársreikningur 2019 kynntur og lagður fram til samþykktar.

Jón L. Árnason gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins árið 2019 og gerði stuttlega grein fyrir þeim. Starfsárið gekk almennt vel, tekjur hækka á milli ára.

Fundarstjóri spurði hvort athugasemdir væru við ársreikning. Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikning. Ársreikningurinn var því borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákveðin upphæð félagsgjalda.

Tillaga var að félagsgjald héldist óbreytt, 2.500 kr.

Spurt er um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur bárust og félagsgjald helst því óbreytt.

4. Stjórnarkjör.

Stjórnarkjör - Kosningaréttur: Félagar sem greitt hafa sín árgjöld í Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins.

Við samþykkt laganna í fyrra var samþykkt ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 2018 skal kjósa formann til þriggja ára, þrjá meðstjórnendur til tveggja ára, þrjá meðstjórnendur til eins árs og þrjá varamenn til eins árs. Á aðalfundi 2019 skal kosið til tveggja ára um þá þrjá sem kosnir voru til eins árs á aðalfundi 2018 og svo áfram þannig að stjórnarseta meðstjórnenda sé tvö ár og kosið um þrjú sæti á hverjum aðalfundi.

Stjórnin hefur verið þannig skipuð:

Formaður Árni Einarsson (030855-2809), varaformaður Ásgerður Sverrisdóttir (010362-4829), gjaldkeri Jón L. Árnason (131160-2839), ritari Anna Sigurborg Harðardóttir (160659-3869).

Meðstjórnendur: Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir og Þórunn Sævarsdóttir.

Í varastjórn hafa verið: Anna Jóhannesdóttir, Magnús Gunnarsson og Þorbjörg Guðmundsdóttir.

Kosning þriggja meðstjórnenda til tveggja ára:

Tillaga stjórnar:

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri (291050-4179)

Ásgerður Sverrisdóttir (010362-4829)

Jón L. Árnason (131160-2839)

Spurt var um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur. Samþykkt einróma.

Kosning þriggja varamanna til eins árs:

Tillaga stjórnar:

Gestur Svavarsson, upplýsingatækniráðgjafi

Þorbjörg Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Vala Smáradóttir, verkefnastjóri

Spurt var um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur. Samþykkt einróma.

5. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna ársreiknings - kosnir til eins árs og einn til vara.

Tillaga stjórnar:

Birna Guðmundsdóttir

Jón Auðunn Jónsson

Til vara: Skúli Jón Sigurðarson

Spurt var um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur. Þau skoðuðust því sjálfkjörin.

6. Kosning löggilts endurskoðanda.

Tillaga stjórnar um að Rögnvaldur Dofri Pétursson endurskoðandi hjá Ernst & Young yrði endurskoðandi félagsins.

Spurt var um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur. Hann skoðaðist því sjálfkjörinn.

7. Kosning í uppstillingarnefnd til eins árs

Tillaga stjórnar:

Ása Karin Hólm

Jón Auðunn Jónsson

Þóra Magnea Magnúsdóttir

Spurt var um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur. Þau skoðuðust því sjálfkjörin.

8. Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði.

Stjórn lagði til að varasjóður yrði óbreyttur (10 milljónir kr). Hvorki aukið framlag né ráðstafað úr honum. Varasjóður er hugsaður til að ráðast í stærri verkefni sem ekki er gert ráð fyrir í almennum rekstri.

Spurt var um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur, varasjóður helst óbreyttur.

9. Kosning sex fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands 2020 svo og varafulltrúar.

Tillaga um að fulltrúarnir væru núverandi aðalmenn í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og varamenn fyrir þá væru núverandi varamenn í stjórn. Stjórn óskaði líka eftir umboði til breytinga ef aðstæður krefjast.

Spurt um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur, þau skoðuðust því sjálfkjörin og umboð til breytinga var samþykkt.

10. Lagabreytingar – engar lagabreytingar eru á dagskrá og lög haldast því óbreytt.

11. Önnur mál?

Ályktanir, fjórar tillögur bornar fram á aðalfundi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins 18. maí 2020:

Ályktun Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins um ristilskimun.

Flutt af stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins.

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 18. maí 2020, skorar á heilbrigðisyfirvöld að hrinda sem fyrst í framkvæmd lýðgrundaðri skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi samkvæmt ráðleggingum Embætti landlæknis.

Búið er að leggja mikið fjármagn og vinnu til undirbúnings skimunar fyrir krabbameini í ristli og endaparmi undanfarin ár t.d. frá heilbrigðisyfirvöldum, Krabbameinsfélaginu og fyrirtækum og mörg loforð um skimun hafa komið frá yfirvöldum. Því eru það mikil vonbrigði að enn skuli almenningur ekki eiga kost á skipulagðri skimun sem svo víða er búið að taka upp í nágrannaríkjum okkar.

Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið á Íslandi og ein algengasta dánarorsök af völdum krabbameins. Rannsóknir hafa sýnt að með skipulegri leit að ristilkrabbameini og forstigi þess hjá einkennalausum einstaklingum 50 ára og eldri er hægt að lækka dánartíðni af völdum sjúkdómsins.

Engar umræður né athugasemdir/samþykkt einróma.

2. Ályktun um leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum.

Flutt af stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins.

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 18. maí 2020, lýsir áhyggjum af breytingum á framkvæmd brjósta- og leghálskrabbameinsskimunar, sem ráðuneyti heilbrigðismála hefur boðað frá næstu áramótum. Félagið óttast að þær ákvarðanir sem teknar hafa verið varðandi flutning leitarinnar frá Krabbameinsfélaginu eigi enn það langt í land að erfitt verði að tryggja áframhald þess góða starfs sem Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hefur sinnt af mikilli ábyrgð í marga áratugi. Við teljum því tímabært að ráðuneyti heilbrigðismála upplýsi sem allra fyrst hvernig það hyggst tryggja áframhaldandi aðgang kvenna að vel skipulegri faglegri leit.

Engar umræður né athugasemdir/samþykkt einróma.

3. Ályktun um framtíðarstefnu í tóbaksvörnun.

Flutt af stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins.

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 18. maí 2020, skorar á heilbrigðis- yfirvöld að móta framtíðarstefnu í tóbaksvörnum ekki síst til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni ánetjist nikótíni.

Í ársbyrjun 2013 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra starfshóp til að leggja fram tillögu að heildstæðri stefnu í tóbaksvörnum.

Enn, sjö árum síðar, bolar ekkert á þessari stefnumótun eða aðgerðaáætlun. Aðalfundur Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins lýsir yfir áhyggjum af því að Ísland sé að dragast aftur úr öðrum vestrænum ríkjum í tóbaksvörnum, þar sem við vorum lengi vel í forystu.

Seinagangur hins opinbera í setningu laga og reglugerða sem eiga að vernda íslensk börn og ungmenni veldur miklum vonbrigðum. Rafsígarettusalar gátu óáreittir í mörg ár markaðssett og selt sinn varning. Nú eru það nikótínþúðarnir sem eru markaðssettir og seldir án allra takmarkana eða eftirlits. Við skorum á heilbrigðisyfirvöld að bregðast við tafarlaust. Ísland ætti að sýna gott fordæmi og banna sölu og markaðssetningu á rafsígarettum eins og mörg lönd hafa gert og einnig á nikótínþúðum. Ungt fólk eru helstu notendur þessa nikótínvarnings. Einnig þurfa stjórnvöld að svara lagalegum og siðferðilegum spurningum um framleiðslu hins opinbera á neftóbaki, sem kannanir sýna að er að mestu leyti notað sem munntóbak (aðallega hjá ungum karlmönnum) sem er ólöglegt samkvæmt núgildandi tóbaksvarnalögum.

Mikilvægt er að Ísland hugi að næstu stóru skrefum í tóbaksvörnum, t.d. með því að setja sér stefnu eins og gert hefur verið í nálægum löndum og tímasetja hvenær stefnt skuli að tóbakslausu landi og ákveða sem fyrst að taka upp „hlutlausar“ tóbaksumbúðir.

Engar umræður né athugasemdir/samþykkt einróma.

4. Ályktun um eftirlit með rafsígarettum og fylgihlutum.

Flutt af stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins.

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 18. maí 2020, lýsir yfir mikilli ánægju með framkvæmd Neytendastofu á markaðseftirliti með sölustöðum rafsígarettar og fylgihluta. Neytendastofa hefur undirbúið framkvæmdina af kostgæfni og tryggt að öllum

lagaskilyrðum sé fullnægt. Aðalfundur félagsins óskar Neytendastofu og starfsfólki hennar til hamingju og hvetur hana áfram til góðra verka.

Engar umræður né athugasemdir/samþykkt einróma.

Árni formaður tók upp umræðu á nýju merki Krabbameinsfélagsins. Stjórn KH gerir fyrst og fremst athugasemdir við vinnubrögð KÍ þar sem önnur félög fengu ekki að koma að athugasemdir né komu að ákvörðun um nýtt merki. Nokkur félög hafa tekið upp nýja merkið en önnur eru ekki til búin. Umræður urðu meðal fundarmanna aðalfundarins sem endaði á því að stjórnin hefur umboð aðalfundar til að fara ofan í þetta mál og taka síðan ákvörðun um hvaða merki KH notar sem sitt.

Engin önnur mál.

Árni formaður þakkaði félagsmönnum fyrir komuna. Hann sagðist hlakka til samstarfs við nýkjörna stjórn og þakkaði vel unnin störf á síðasta ári. Sérstakar þakkir til framkvæmdarstjóra Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Guðlaugar fyrir allt sitt örláta starf í þágu félagsins.

Árni færði Önnu Borg og Önnu Jóhannesdóttur blómvendi fyrir þeirra framlag til KH nokkur undanfarin ár en þær gáfu ekki kost á sér í stjórn félagsins á næsta starfsári.

Árni sleit fundi og þakkaði fundarstjóra og fundarritara fyrir sín störf og bauð fundarmönnum jafnframt til veitinga í boði félagsins.